

Arfgerðargreiningar vorið 2023 – sauðfjárrækt

Á komandi vori eru bændur hvattir til þess að taka sýni úr lömbum sem geta borið áhugaverðar arfgerðir m.t.t. riðumótstöðu. Mikilvægt er að fylgja eftir notkun á hrútum með verndandi eða hugsanlega verndandi arfgerðir. Sérstök áhersla er á að greina sem allra flest þeirra lamba sem gætu borið ARR eða T137. Því mun þróunarsjóður sauðfjárræktarinnar styrkja sérstaklega greiningar á þeim lömbum. Hvatastyrkurinn verður 1.800 kr og mun hann dragast frá greiningarkostnaðinum en styrkurinn er óháður greiningaraðferð eða greiningaraðila. Styrkirnir miðast við að niðurstöður liggi fyrir í Fjárvis. Engu að síður eru bændur áfram hvattir til þess að fjölga öðrum arfgerðum s.s. lítið næmu genasamsætunni AHQ og breytileikanum C151 og N138. Þá er visslega áfram stefnt að útrýmingu áhættuarfgerðarinnar.

Pöntunarform fyrir sýnatökuefni fyrir vorið hefur nú verið uppfært á heimasíðu RML.

Nokkur atriði til að hafa í huga:

- Best er að allar pantanir verði komnar inn fyrir 10. apríl, en í kjölfarið verður farið að útdeila sýnatökuefninu (þó 10. apríl sé liðinn er enn hægt að panta sýnatökuefni).
- Hæg er að velja hvort menn vilja taka vefjasýni úr eyra og fá sýnin greind hjá Agrobiogen eða taka stroksýni og fá það greint hjá Matís.
- Stroksýnin skal senda beint til Matís, Vínlandsleið 12, 113 Reykjavík, til greiningar. Hver greining kostar 4.300 kr án vsk. og fæst þá greining á þau 6 sæti sem lögð hefur verið áhersla á að skoða.
- Hylkin með vefjasýnunum sem greind verða í Þýskalandi skal senda á RML, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes. Mikilvægt er að öll sýni berist sem fyrst að loknum burði þannig að hægt verði að fá niðurstöður í góðum tíma haustið.
- Agrobiogen mun áfram bjóða upp á 6 sæta greiningu. Hún mun kosta 2.910 kr. án vsk. Þá verða einnig í boði „einkeyrslugreiningar“. Hver slík greining kostar 2.160 kr. án vsk. Þessi verð eru birt með fyrirvara um verulegar gengisbreytingar.
- Einkeyrslugreiningarnar gefa niðurstöðu fyrir 1 til 3 sæti eftir því hvaða sæti þarf að greina. Hér munu menn geta valið eina greiningu af eftirfarandi:
 - Nr. 1 – sæti 136, 137 og 138 (gefur upplýsingar um breytileikana V136 (veldur áhættuarfgerð), T137 og N138)
 - Nr. 2 – sæti 151 og 154 (gefur upplýsingar hvort C151 eða H154 sé að finna)
 - Nr. 3 – sæti 171 (gefur upplýsingar vegna ARR)
- Einkeyrslugreiningarnar eru hagkvæmur kostur t.d. í þeim tilfellum þar sem nægilegar upplýsingar til að byrja með er að vita hvort lambið hafi fengið þá genasamsætu sem verið var að sækjast eftir. Hægt verður að fá viðbótargreiningu á sama DNA sýni í haust eftir á ef óskað er eftir, mun það væntanlega kosta innan við 1.500 kr en verður auglýst nánar í haust.
- 6 sæta greining er vissulega áhugaverðari ef t.d. móðirin er ógreind og myndi geta gefið einhvern af þessum 6 breytileikum frá sér.
- Ekki þarf að tilgreina við pöntun hvernig greiningu menn ætla að fá á sýnið, en mikilvægt verður þegar bændur senda sýnin inn að þau hylki séu aðgreind í sér poka sem eiga að fá sömu greiningu og sá poki sé rækilega merktur hvaða greiningu verið er að panta.
- Þeir sem ekki hafa þegar látið greina hrútana sína eru hvattir til að taka sýni úr þeim í vor, þannig að upplýsingar um þá liggji fyrir í haust og hægt að nota þær upplýsingar við ásetningsvalið.
- Poka með vefjasýnum úr eyrum (hylkin) mætti merkja á eftirfarandi hátt, t.d. með því að setja miða í pokann:
 - No. 1 – codons 136, 137, 138
 - No. 2 – codons 151 and 154
 - No. 3 – codons 171
 - No. 4 – All 6 codons